SKÓLAÞING ALÞINGIS

Skólaþing er kennsluver Alþingis þar sem grunnskólanemum í 8.-10. bekk gefst kostur á að setja sig í spor þingmanna með því að fara í hlutverkaleik. Efni Skólaþings tengist vel námsefni í lífsleikni og samfélagsgreinum í efstu bekkjum grunnskólans um lýðræðið, lög og reglur og stjórnskipulag Íslands.

Skólaþing Alþingis tók til starfa í nóvember 2007 og hafa rúmlega 4.700 nemendur komið í þangað. Reynsla okkar starfsmanna Skólaþings er sú að kennarar og nemendur hafa verið afar ánægðir með heimsóknina og kennarar komið með nýjan nemendahóp að ári. Margir skólar hafa gert heimsókn í Skólaþing að föstum lið og sumir hafa tekið þátttöku og frammistöðu nemenda í heimsókninni inn í námsmat og/eða látið þá skila umsögn um heimsóknina.

Í upphafi nýs skólaárs er starfsmönnum Skólaþings Alþingis umhugað um að upplýsingar um starfsemi þess berist til allra grunnskólakennara sem gætu nýtt sér þá fræðslu sem þar er í boði.

Að heimsókn lokinni ættu nemendur að vita ýmislegt um Alþingi, löggjafarsamkunduna og störf þingmanna, til dæmis:

Hvað er frumvarp og hvernig verður það að lögum?
Hvaða munur er á að vera í ríkisstjórn og stjórnarandstöðu?
Hvað er gert á þingfundum, nefndarfundum og þingflokksfundum?
Hvað er breytingartillaga?
Hvernig er hægt að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um þingmál?

Hagnýtar upplýsingar:
Skólaþing er til húsa við Austurvöll, Austurstræti 8-10, gengið inn frá Vallarstræti. Miðað er við að einn bekkur taki þátt í leiknum í einu, 12 til 32 nemendur. Heimsókn í Skólaþing tekur um tvær og hálfa til þrjár klukkustundir, veitingar eru í boði um miðbik heimsóknar og ekkert gjald er tekið fyrir hana. Starfsmenn Alþingis taka á móti hópunum og leiða þá í gegnum verkefnið með aðstoð bekkjarkennara. Þegar er farið að bóka heimsóknir fyrir veturinn 2011-2012 og hvetjum við kennara þá kennara sem ekki hafi komið með bekki í Skólaþing til að senda okkur fyrirspurnir eða bóka heimsóknir. Skólaþingið er opið alla virka daga en heimsóknina þarf að panta fyrir fram.

Fyrirspurnir eða bókanir má senda á skolathing@skolathing.is eða hringja í síma 563 0500 á skrifstofutíma.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Skólaþings: **www.skolathing.is.**

Bestu kveðjur,
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir,
umsjónarmaður Skólaþings

Að lokum eru hér brot úr nokkrum umsögnum nemenda sem komið hafa í Skólaþing:

„Þann 9. desember 2010 fór ég með bekknum mínum á Skólaþing. Vel var tekið á móti okkur og leikurinn útskýrður vel og vandlega. Bekknum var svo raðað niður í flokka. Ég fékk nafnið Benedikt og var frá Siglufirði.“

„Mér fannst þetta svakalega skemmtilegt og lærdómsríkt verkefni. Ég hef einmitt gaman af því að fá að tjá mig og segja mínar skoðanir. Einnig var gaman að sjá hvað bekkurinn var virkur í þessu öllu saman. Ég þakka fyrir að fá að taka þátt á Skólaþingi. Þetta var frábært.“

„Mér fannst Skólaþing mjög skemmtileg lífsreynsla og er fegin að við fengum möguleika á því að fara. Þetta er klárlega skemmtilegasta skólaverkefni sem ég hef tekið þátt í. Núna veit ég líka nokkurn veginn hvernig þing fer fram en hafði ekki hugmynd um það áður.“

„Í nóvember fór ég með bekknum mínum á Skólaþing og mér finnst ég hafa lært mikið á þinginu. Ég veit t.d. meira núna um hvað alþingismenn gera, sérstaklega þegar þeir leggja fram og mæla fyrir frumvörpum sem þeir vilja að verði að lögum.“

„Á Skólaþingi var ég dreginn í Hagsældarflokkinn sem þingmaðurinn Ari frá Akureyri. Skólaþing er án efa ein skemmtilegasta skólaferð sem ég hef farið í á þessum 9 árum af skólagöngu. Ferðin var mjög lærdómsrík og skemmtileg, ég fræddist um Alþingi á Austurvelli og sá hvernig þingmenn starfa. Fyrir þessa ferð hafði ég enga hugmynd um það sem fram fer á Alþingi og vissi ekkert um það hvernig stjórnmálaflokkarnir virka, hvað þingmennirnir gera og fl.
Ég hafði mjög gaman af Skólaþingi og fannst það bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.“

„Skólaþingið breytti áliti mínu á starfi þingmanna og núna veit ég meira hvað þeir eru að gera og ég met það meira. Ég hélt alltaf að þetta væri mjög einföld vinna en svo var ekki raunin.“